

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld:

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1–200 g	Kr.	140,00
Þyngd ½ kg–20 kg	—	140,00
Þyngd 50 kg	—	140,00
Þyngd 4–8 oz	—	140,00
Þyngd 1 lb–7 lb	—	140,00
Þyngd 8 lb–20 lb	—	140,00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: allar stærðir	Kr.	525,00
3. Jafnarmavogir:		
Burðarþol: allar stærðir	Kr.	525,00
4. Tugavogir: hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10– 100 kg	Kr.	525,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	570,00
Burðarþol 501– 2 000 kg	—	600,00
Burðarþol 2 001–15 000 kg	—	1 100,00
Burðarþol 15 000–30 000 kg	—	1 350,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	1 450,00
5. Vísavogir:		
Burðarþol 1– 5 kg	Kr.	525,00
Burðarþol 6– 25 kg	—	570,00
Burðarþol 26– 100 kg	—	600,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	700,00
Burðarþol 501– 1 000 kg	—	780,00
Burðarþol 1 001– 5 000 kg	—	1 400,00
Burðarþol 5 001–15 000 kg	—	1 500,00
Burðarþol 15 001–30 000 kg	—	1 600,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	1 900,00
6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):		
Burðarþol 1– 10 kg	Kr.	650,00
Burðarþol 11– 25 kg	—	800,00
Burðarþol 26– 100 kg	—	1 100,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	1 400,00
Burðarþol 501– 1 000 kg	—	1 600,00
Burðarþol 1 001– 5 000 kg	—	1 800,00
Burðarþol 5 001–15 000 kg	—	2 000,00
Burðarþol 15 001–30 000 kg	—	2 300,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	2 500,00
7. Kvarðar og málbönd:		
Lengd ½–1 m	Kr.	140,00
Stálmálbönd allt að 50 m	—	190,00
Mælivélar fyrir lengdarmál	—	210,00

8. Mæliker:		
Rúmtak 1 dl–1 l	Kr.	200,00
Rúmtak 10 dl–50 dl	—	200,00
Rúmtak vínmæla (veitim. og kúlum.) 3–6 cl	—	280,00
9. Rennslismælar:		
Rennslismælar fyrir olíur og bensín	Kr.	380,00
Bensín og olíusölumælar	—	350,00
10. Rennslismælar fyrir mjólk	Kr.	380,00
	2. gr.	
Vottorðsgjald	Kr.	400,00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxa hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 28/1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Eldborgar undir Geitahlíð.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hafa Náttúruverndarráð og náttúruverndarnefnd Grindavíkur ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Stóru-Eldborg og Litlu-Eldborg undir Geitahlíð, Grindavík, ásamt næsta nágrenni.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru eftirfarandi:

Að norðan fylgja þau mörkum hrauns og hlíðar, 200 m austur fyrir nyrstu gíga í gígaröð Litlu-Eldborgar. Þaðan hugsast bein lína í austurhorn hrauntraðar frá Litlu-Eldborg um 225 m sunnan borgarinnar. Síðan bein lína í vestnorðvestur að þjóðvegi, eftir honum að vesturjaðri hraunsins frá Stóru-Eldborg. Að vestan fylgja mörkin hraunjaðrinum.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð er óheimil, svo og hvers konar jarðrask, sem breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðlýsta svæði umhverfis eldstöðvarnar.